

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, miðvikudaginn 10. desember 2014, kl. 17:00.

Mætt voru: Alda Pálsdóttir sitjandi formaður, Jakob Fannar Hansen, Vilhjálmur Sveinsson og Fanný Björk Ástráðsdóttir. Ninna Sif Svavarsdóttir formaður er í leyfi frá nefndarsetu og er Vilhjálmur Sveinsson fyrsti varamaður í hennar stað. Walter Fannar Kristjánsson mætti ekki. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. **Íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2014**
2. **Varmahlíð úthlutun – kynning**

1. **Íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2014.**

Varaformaður og menningar- og frístundafulltrúi kynntu samantekt um afrek íþróttamanna sem eru með lögheimili í Hveragerði. Tilnefningar bárust frá Akstursíþróttasambandi Íslands, Blaksambandi Íslands, fimleikadeildum Umf. Selfoss og Stjórnunar, Golfklúbbi Hveragerðis, Körfuknattleikssambandi Íslands, badminton-, knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild Hamars, Hestamannafélaginu Ljúfi, Lyftingasambandi Íslands og Íshokkísambandi Íslands. Ákveðið hverjir hljóti viðurkenningar og útnefningu sem íþróttamaður Hveragerðis 2014.

Athöfnin verður haldin þriðjudaginn 30. desember kl. 17:00 í Listasafni Árnesinga.

2. **Varmahlíðarhús úthlutun - kynning**

Menningar- og frístundafulltrúi kynnti umsóknir um dvöl listamanna í listamannahúsi bæjarins, Varmahlíð fyrir árið 2015. Menningar- og frístundafulltrúa ásamt formanni er falið að ganga frá úthlutun.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:42

Alda Pálsdóttir, (sign)

Jakob Fannar Hansen, (sign)

Vilhjálmur Sveinsson, (sign)

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)